

Einelti

Viðbragðsáætlanir borgarstofnana gegn einelti



Janúar 2010

Úttekt:

Berglind G. Bergþórsdóttir, mannauðsskrifstofu
Halldóra Gunnarsdóttir, mannréttindaskrifstofu

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Áætlanir gegn einelti fyrir börn og ungmenni þ.e. í skólum, leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum	4
Menntasvið	5
Upplýsingar um einelti á vefsíðum grunnskólanna	6
Leikskólasvið	12
Íþrótt- og tómsundasvið	12
2. Einelti og áreitni gagnvart starfsfólki	13
Átaksvika	15
Viðbragðsáætlanir borgarstofnana	15
3. Einelti og áreitni í samskiptum starfsmanna og þjónustuþega	18
4. Tillögur til úrbóta	19
Fylgiskjöl	21

Inngangur

Á fundi borgarstjórnar 19. maí 2009 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að mannréttindastjóra og mannauðsstjóra verði falið að skoða og gera úttekt á viðbragðsáætlunum borgarstofnana gegn einelti. Horft verði til skóla, leikskóla, félagsmiðstöðva, frístundaheimila sem og allra starfsstöðva Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri og mannauðsstjóri skili tillögum til borgarráðs sem miði að því að:

1. Mæta markmiðum forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar sem kveður á um að ekkert barn/unglingur í Reykjavík eigi að þola einelti.
2. Allar borgarstofnanir hafi virka viðbragðsáætlun um einelti.
3. Móta ferli og viðbrögð borgarinnar þegar eineltisáætlanir stofnana hennar bregðast.

Úttektinni sem hér fylgir á eftir má skipta í tvo hluta. Fyrri hlutinn var unnin af mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar í október 2009. Sérstök áhersla er lögð á að gera grein fyrir ferlum sem snúa að börnum og unglíngum. Þessi hluti úttektarinnar leiddi í ljós að í nokkrum skólum er aðgengið að áætlunum gegn einelti til fyrirmyndar en í öðrum skólum þarf að bæta það til muna. Leikskólar borgarinnar eru ekki með eineltisáætlanir á vefjum sínum, en þeir ætla á þessu ári að leggja áherslu á vinnu við gerð eineltisáætlana. Hjá Íþrótt- og tómsundasviði er að finna viðbragðsferil í starfsmannahandbók á innri vef en hann þyrfti einnig að vera aðgengilegur á ytri vef fyrir börn, ungmenni, foreldra og aðra aðstandendur.

Reykjavíkurborg þarf að útfæra leiðir fyrir borgarbúa, notendur þjónustunnar, til að tilkynna um einelti eða áreitni af hálfu starfsmanna í sinn garð og bæta aðgengi að upplýsingum um það á ytri vef borgarinnar og einstakra starfsstaða.

Seinni hluti úttektarinnar var unnin af mannauðsskrifstofu í desember 2009. Könnun á aðgengi starfsfólks borgarinnar að viðbragðsáætlunum vegna eineltis leiddi í ljós að fagsvið borgarinnar eru öll með virkar viðbragðsáætlanir og starfandi eineltisteymi. Þá veitir mannauðsskrifstofa miðlæga ráðgjöf til fagsviða er varðar áreitni og einelti þegar starfsfólk á í hlut. Eyðublað fyrir tilkynningar um einelti eða áreitni er aðgengilegt fyrir alla starfsmenn á innri vef borgarinnar. Leikskólasvið, Menntasvið, Menningar- og ferðamálasvið og Umhverfis- og samgöngusvið birta ekki eyðublað fyrir tilkynningar um einelti á sínum vefsvæðum. Þá birta Umhverfis- og samgöngusvið, Skipulags- og byggingarsvið og Framkvæmda- og eignasvið ekki ferla og upplýsingar um eineltisteymin á sínum vefsvæðum á innri vefnum. Lagt er að til að úr þessu verði bætt.

Að öðru leyti vísast til 4. kafla um tillögur til úrbóta.

1. Áætlanir gegn einelti fyrir börn og ungmenni þ.e. í skólum, leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum

Skóðaðar voru þær upplýsingar sem birtast á vefsíðum skólanna. Úttektin var unnin í september og byrjun október 2009. Tilgreint er hvort finna megi áætlun gegn einelti, aðrar upplýsingar um einelti og hvernig aðgengið að þeim er. Vera má að í einhverjum skólum séu til áætlanir þrátt fyrir að vera ekki auðfinnanlegar á vefsíðu þeirra. Þegar þannig er í pottinn búið er aðgengið að upplýsingunum fyrir aðstandendur nemenda, þá sjálfa eða aðra sem tengjast þeim ekki fullnægjandi. Það er einnig mögulegt að áætlun sé að finna án þess að þekking á ferlinu og viðbrögðum sé til staðar. Hins vegar má reikna með því að í þeim 22 skólum sem eru þátttakendur í Olweusaráætluninni sé þekkingin til staðar þrátt fyrir að misvel geti gengið að taka á málum. Þeir skólar njóta ráðgjafar og stuðnings við innleiðingu áætlunarinnar og beita sérstakri aðferðafræði sem felur m.a. í sér eftirlit. Í þeim skólum er á hverju hausti gerð könnun á einelti meðal nemenda og niðurstöðum fylgt eftir. Upplýsingar um Olweusarverkefnið gegn einelti er að finna á www.olweus.is. Einnig er að finna upplýsingar um áhrif eineltis á vefsíðu Rauða krossins svo dæmi sé tekið.¹

Rétt er að taka fram að sumir skólar nota ekki aðferðir Olweusar til að taka á einelti heldur vinna þeir eftir ákveðinni hugmyndafræði sem tekur m.a. á einelti. Sem dæmi um þetta má nefna “School Management Training” og “Positive Behavior Support”. Það er mikilvægt að bæði þessir skólar og skólar sem beita aðferðafræði Olweusar noti hugtakið einelti, sem er þekkt, á vefsíðum og í öðru upplýsingaefni. Það er einnig nokkuð um að upplýsingar séu vel fram settar og skýrar en tengill inn á þær nefnist **Olweus**. Þrátt fyrir að þeir skólar sem taka þátt í áætluninni kynni hana fyrir bæði foreldrum og nemendum þá er ekki víst að allir muni þetta heiti og því væri betra að nota hugtakið einelti.

Það væri einnig kostur að hafa tilkynningareyðublöð vegna gruns um einelti áberandi á öllum vefsíðum skólanna ásamt því að vísa á nánari upplýsingar um einelti fyrir þá sem hafa áhuga eða þörf fyrir að kynna sér efnið betur.

Í þessari úttekt er ekki lagt mat á gæði eineltisáætlana eða hvernig unnið er eftir þeim. Hins vegar kom í ljós við skimun þeirra að þær eru misvel úr garði gerðar. Það getur til dæmis ekki talist hvetjandi fyrir foreldra eða nemendur sjálfa þegar eineltisáætlanir skóla hefjast á yfirlýsingum þess efnis að þetta séu erfiðustu og tímafrekustu mál sem komi inn á borð skólustjóra. Frekar ætti að hvetja til samvinnu og að foreldrar eða nemendur láti umsjónarkennara strax vita ef minnsti grunur um einelti vaknar.

¹ http://www.redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?detail=63041&name=lucene_search_news_item

Menntasvið

Hvorki er að finna eineltisáætlun, upplýsingar um tengilið vegna eineltismála né tilkynningarblað á ytri vef Menntasviðs. Þar sem margir skólar eru með í sínum áætlunum upplýsingar þess efnis að foreldrar/aðstandendur skuli leita til Menntasviðs eða þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi takist ekki að leysa mál innan skólans, þá er mikilvægt að þetta sé auðfundið á vefsíðu sviðsins og þjónustumiðstöðva. Engin þjónustumiðstöð er með upplýsingar um tengilið vegna eineltismála á vefsíðu sinni. Það má einnig reikna með því að þeir sem nota þjónustu borgarinnar og telja sig verða fyrir áreitni eða einelti leiti upplýsinga um hvert þeir skuli snúa sér á vefsíðu þjónustumiðstöðva.


Eineltismál á að leysa innan þess skóla þar sem þau koma upp. Hægt væri að vera með upplýsingar á vefsíðu Menntasviðs um það hvert foreldrar eða nemendur skuli almennt snúa sér ef grunur leikur á einelti. Einnig þyrftu að vera upplýsingar um hvert skuli leita ef ekki tekst að leysa mál innan skóla. Á Menntasviði starfar ráðgjafi foreldra og skóla. Upplýsingar þar um er að finna undir tenglinum „starfsfólk“ en ætti einnig heima undir tenglinum „foreldrasamstarf“. Auk þess væri kostur að fram kæmi á vefsíðu hvaða hlutverki ráðgjafinn hefur að gegna í eineltismálum.

Menntasvið gerir kannanir um viðhorf foreldra til skólastarfs annað hvert ár. Í skýrslu Menntasviðs um niðurstöður slíkrar könnunar, sem gefin var út í ágúst 2008, eru fjórar beinar spurningar um einelti.² Hér eru sýndar tvær þeirra, fjöldi svara og hlutfall þeirra.

Úr könnun 2008

Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í skólanum?

	Fjöldi	Hlutfall
Já	617	21,3%
Nei	2.280	78,7%
Fjöldi svara	2.897	100,0%



² Viðhorf foreldra til skólastarfs í grunnskólum. 2008 (ágúst). Útgefandi Menntasvið Reykjavíkurborgar. Sótt 27. október 2009 á slóð <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2278>

Erðu sátt(ur) eða ósátt(ur) við hvernig tekið var á eineltinu í skólanum?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög sátt(ur) (5)	125	20,5%
Frekar sátt(ur) (4)	154	25,2%
Hvorki né (3)	111	18,2%
Frekar ósátt(ur) (2)	110	18,0%
Mjög ósátt(ur) (1)	111	18,2%
Fjöldi svara	611	100,0%
Meðaltal	3,1	
Staðalfrávik	1,4	



Í niðurstöðum frá 2006 kemur fram að 20,9% foreldra svara því játandi að börn þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum en 79,1% svara því neitandi. Í skýrslu frá 2004 kemur fram að 20,8% foreldra svara því játandi að barnið þeirra hafi orðið fyrir einelti í skólanum en 79,2% svara því neitandi. Það virðist því ekki hafa orðið mikil breyting þarna á þegar árin 2004 til 2008 eru skoðuð.

Upplýsingar um einelti á vefsíðum grunnskólanna

Úttektin á vefsíðum skólanna var unnin í lok september og byrjun október 2009.

[Austurbæjarskóli](#)

Tengill á einelti og eineltisteymi er í leiðarkerfi á forsíðu. Þegar tengill er opnaður er að finna skilgreiningar á einelti, upplýsingar um teymi skólans og áberandi tengil (mynd) á tilkynningareyðublað. Jafnframt er að finna á forsíðunni stóran tengil á Olweusarverkefnið. Fram kemur að ætíð er unnið samkvæmt Olweusarkerfinu við meðferð eineltismála. Öll framsetning er til fyrirmyndar. Það væri þó kostur að bæklingur fyrir foreldra um einelti, sem er afhentur foreldrum á haustfundum, væri einnig aðgengilegur á netinu.

[Álftamýrarskóli](#)

Það er ekki tengill beint af forsíðu heldur þarf fyrst að smella á „skólinn“. Þar er síðan að finna hægra megin í leiðarkerfi tengil sem nefnist „eineltisáætlun“. Ekkert tilkynningareyðublað er að finna og engan tengil inn á annað efni um einelti.

[Árbæjarskóli](#)

Undir forvarnar- og viðbragðsáætlanir er að finna eineltisvarnaráætlun og þar undir upplýsingar um ferli, upplýsingar til foreldra o.s.frv. Þar er ekki tilkynningareyðublað og ekki vísað á annað efni til frekari upplýsinga um einelti.

[Ártúnsskóli](#)

Á forsíðu er tengill sem heitir foreldrahandbók. Þar er að finna greinargóðar upplýsingar um ferli máls og leiðbeiningar til foreldra. Ef nemendur t.d. vilja tilkynna um einelti eða afla sér upplýsinga um það þá er þetta ekki augljós leið. Ekkert tilkynningareyðublað er að finna á vefsíðunni og ekki er tengill inn á Olweusarverkefnið.

[Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík - sjálfstætt starfandi](#)

Ekki er að finna neina eineltisáætlun á vefsíðu. Tenglar sem nefnast „foreldrasíða“ og „starfsmannasíða“ krefjast innskráningar með kennitölu og lykilorði. Vera má að þessar upplýsingar sé þar að finna.

[Borgaskóli](#)

Á forsíðu er enginn tengill á eineltisáætlun. Í skólahandbók kemur fram hvert foreldrar og nemendur skuli leita verði þeir varir við einelti. Jafnframt kemur þar fram að til sé eineltisáætlun í skólanum en hana er hvorki að finna á vefsíðu né í skólahandbók. Myndtengill er á forsíðu Olweusarverkefnisins. Engin tilkynningareyðublöð eru aðgengileg.

[Breiðagerðisskóli](#)

Á forsíðu er tengill sem heitir „eineltisáætlun“. Þegar smelt er á hann birtist eineltisáætlun og tengill inn á kynningarglærur um eineltiskönnun sem gerð var árið 2007. Ekkert tilkynningareyðublað er að finna á vefsíðunni og ekki er tengill inn á Olweusarverkefnið.

[Breiðholtsskóli](#)

Undir tenglinum „skólastarfið“ er að finna eineltisáætlun. Ekkert tilkynningarblað og enginn tengill er á Olweusarverkefnið.

[Brúarskóli](#)

Engar upplýsingar eru um viðbrögð við einelti.

[Engjaskóli](#)

Undir tenglinum „Frá Engjaskóla“ á forsíðu er að finna tengil sem heitir „handbókin“ og þar er að finna upplýsingar um hvernig brugðist er við einelti. Ekkert tilkynningareyðublað er þar að finna og enginn tengill er á Olweusarverkefnið.

[Fellaskóli](#)

Undir tenglinum „stoðþjónusta“ á forsíðu er að finna annan tengil sem heitir forvarnir og þar undir er tengill sem heitir „eineltisáætlanir og þá kemur“ fram að hún er í vinnslu.

[Foldaskóli](#)

Auðvelt er að finna tengil á eineltisáætlun og Olweus kemur þar á eftir í sviga. Tengill er á viðbragðsáætlun, upplýsingar um verkefnið og niðurstöður kannana og tengill á vefsíðu Olweusarverkefnisins. Ekkert tilkynningarblað er aðgengilegt.

[Fossvogsskóli](#)

Tengill á Olweusarverkefnið er á forsíðu. Ekkert efni frá skólanum sjálfum fannst, hvorki eineltisáætlun né tilkynningablað.

[Grandaskóli](#)

Mjög ítarlegar og góðar upplýsingar eru á vefsíðu skólans. Sjá má upplýsingar um viðbrögð við einelti eftir bekkjardeildum, niðurstöður kannana, minnispunkta frá vinnufundum með foreldrum um einelti og svo má lengi telja. Öll framsetning er til fyrirmyndar. Kostur væri að hafa tilkynningareyðublað og jafnframt væri meira lýsandi að nota hugtakið einelti í stað Olweus í heiti tengils.

[Hagaskóli](#)

Undir „skólareglum“ segir: „Ef um einelti er að ræða innan skólasamfélagsins skal fylgja framkvæmdaáætlun Olweusar. Þegar önnur ákvæði innan skólareglu tvö eru brotin gilda sömu viðurlög og beitt er við brotum á skólareglu eitt. Sé ofbeldi beitt skal lögregla kvödd á vettvang.“

Ekki er að finna tengil á viðbragðsáætlun Olweusar.

[Hamraskóli](#)

Undir tenglinum „um skólann“ er að finna eineltisáætlun. Þar er að finna ítarlegar upplýsingar. Ekkert tilkynningarblað er aðgengilegt og enginn tengill er á annað upplýsingaefni um einelti.

[Háteigsskóli](#)

Eineltisáætlun er á vefsíðunni en fara þarf á tengilinn „skólinn“ þaðan í „útgefið efni „ og þar er að finna eineltisáætlun skólans.

[Hlíðaskóli](#)

Upplýsingar um einelti er að finna undir tenglinum „hagnýtar upplýsingar“. Þar er einnig tengill inn á eineltisáætlun skólans.

[Hólabrekkuskóli](#)

Tengill er á forsíðu á Olweus, viðbrögð gegn einelti í Hólabrekkuskóla. Einnig er að finna tengil á Olweusaráætlunina í Hólabrekkuskóla 2004 -2006. Þar undir er hægt að nálgast skráningarblað.

[Húsaskóli](#)

Í handbók Húsaskóla, sem er að finna á forsíðu, er stuttur kafli um Olweus/einelti sem og eineltisáætlun. Ekkert tilkynningarblað er birt á vefsíðu skólans

[Hvassaleitisskóli](#)

Undir tengli sem nefnist „skólinn“ á forsíðu er að finna aðgerðaáætlanir og þar undir er „einelti – aðgerðaráætlun“. Ekkert tilkynningarblað er birt á vefsíðu skólans.

[Ingunnarskóli](#)

Á forsiðu er hægt að fara á tengil sem ber heitið „námsráðgjöf“, þar undir er fellilisti þar sem finna má eineltisteymi og er í texta þar vísað til þess að eineltisáætlun sé að finna á vef skólans en það er ekki tengill á hana. Upplýsingar eru ekki aðgengilegar og ekkert tilkynningarblað er birt á vefsíðu skólans.

[Klébergsskóli](#)

Á forsiðu skólans undir „skólinn“ er að finna eineltisáætlun skólans. Einnig er þar kafli um reglur Olweusar gegn einelti.

[Korpuskóli](#)

Á vefsíðu skólans er að finna tengilinn „stoðkerfi“. Þar undir er að finna tengilinn „einelti“ sem vísar beint á Olweusarverkefnið. Þar er fjallað um forsendur eineltisáætlunar, markmið og eineltiskannanir sem gerðar eru árlega og nýttar til að endurskoða eineltiskerfi Korpuskóla. Eineltisáætlunin sjálf er hins vegar ekki aðgengileg þarna. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Landakotsskóli – sjálfstætt starfandi](#)

Á forsiðu Landakotsskóla er að finna tengil sem heitir „Eineltisstefna“. Þar er að finna aðgerðaráætlun gegn einelti og ofbeldi. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Langholtsskóli](#)

Á vefsíðu skólans er að finna tengilinn „tenglar“. Þar undir er tengill á Olweusarvefinn. Í starfsáætlun skólans er minnst á Olweusaráætlunina og sagt að allir starfsmenn skólans sitji reglulega fræðslufundi. Engin viðbragðsáætlun, tilkynningareyðublað eða tengill er á annað upplýsingaefni.

[Laugalækjarskóli](#)

Engar upplýsingar eru um einelti á vefsíðu skólans.

[Laugarnesskóli](#)

Á forsiðu er tengill sem heitir „Laugarnesskóli“. Undir honum er að finna eineltisáætlun, þar sem fram kemur skilgreining, hlutverk og forvarnir. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Melaskóli](#)

Á forsiðu er tengill á eineltisáætlun skólans. Af henni er tengill á vefsíðu Olweusaráætlunarinnar.

[Norðlingaskóli](#)

Ef smellt er á tengilinn „um skólann“ má finna tengil með eineltisáætlun Norðlingaskóla. Einelti er skilgreint og farið yfir forvarnir og boðleiðir. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Réttarholtsskóli](#)

Á forsíðu vefsíðu er tengill sem heitir „mat á skólastarfi“. Þar er að finna niðurstöður eineltiskönnunar frá síðasta ári sem byggir á Olweusarverkefninu. Undir öðrum tengli sem heitir „skólasamfélagið“ er að finna áætlun um varnir gegn einelti. Upplýsingar eru auðfundnar. Ekkert tilkynningareyðublað er aðgengilegt og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Rimaskóli](#)

Ef farið er á vef skólans og undir tengilinn „skólinn“ þá birtist annar tengill um einelti. Þar undir eru niðurstöður úr eineltiskönnun 2008, ferli í eineltismálum og skráningarblað í eineltismálum. Gott aðgengi er að upplýsingum. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Safamýrarskóli](#)

Engar upplýsingar um einelti eru á vefsíðu skólans.

[Selásskóli](#)

Fara þarf inn í tengilinn „um skólann“ þá inn á „skólanámskrá“ og opna þar tengilinn „aðgerðaráætlanir“. Þar undir er tengilinn „aðgerðaráætlanir“ og ef smellt er á hann opnast skjal sem nefnist aðgerðaráætlanir.. Í lok þess er fjallað stuttlega um meðferð eineltismála. Þetta eru ekki aðgengilegar upplýsingar. Ekkert tilkynningareyðublað er að finna og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Seljaskóli](#)

Á forsíðu Seljaskóla er tengill sem heitir „sátt“. Þar undir er að finna tengil á Olweusaráætlunina og aðrar upplýsingar, almennar upplýsingar, meginþætti áætlunarinnar, meðferð eineltismála og niðurstöður kannana. Upplýsingaefni er til fyrirmyndar. Ekkert tilkynningareyðublað er þó að finna og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Skóli Ísaks Jónssonar - sjálfstætt starfandi](#)

Engar auðfundnar upplýsingar eru um einelti á vefsíðu skólans.

[Suðurlíðarskóli - sjálfstætt starfandi](#)

Engar auðfundnar upplýsingar eru um einelti á vefsíðu skólans.

[Sæmundarskóli](#)

Engar auðfundnar upplýsingar eru um einelti á vefsíðu skólans.

[Tjarnarskóli - sjálfstætt starfandi](#)

Engar auðfundnar upplýsingar eru um einelti á vefsíðu skólans.

[Vesturbæjarskóli](#)

Á vefsíðu Vesturbæjarskóla má sjá tengilinn Olweusarskóli. Þar undir er tengill á eineltisáætlun og annar tengill á síðu Olweusaráætlunarinnar. Ekkert tilkynningareyðublað er aðgengilegt.

[Víkurskóli](#)

Á vefsíðu Víkurskóla, undir tenglinum hagnýtar upplýsingar er hægt að finna „Víking, handbók foreldra“. Þar er að finna upplýsingar um Olweusarverkefnið og eineltisvarnaráætlun skólans. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Vogaskóli](#)

Á vefsíðu Vogaskóla undir tenglinum „stoðkerfi“ er að finna Eineltisáætlun Olweusar. Ekkert tilkynningareyðublað og enginn tengill er á annað upplýsingaefni.

[Waldorfskólinn Sólstafir - sjálfstætt starfandi](#)

Engar upplýsingar um einelti er að finna á vefsíðu.

[Ölduselsskóli](#)

Á vef Ölduselsskóla er hægt að smella á tengilin „Stuðningur“. Þá kemur upp tengillinn „Einelti og Olweusaráætlunin gegn einelti í Ölduselsskóla“. Þar eru síðan tenglar bæði á vefsíðu Olweusaráætlunarinnar og foreldrabækling verkefnisins.

[Öskjuhlíðarskóli](#)

Engar upplýsingar eru um einelti.

Leikskólasvið

Samkvæmt upplýsingum frá Leikskólasviði þá eru til áætlanir gegn einelti í einstaka leikskólum borgarinnar en þær eru ekki aðgengilegar á vefsíðum skólanna. Ætlunin er að leggja áherslu á vinnu við eineltisáætlanir og innleiðingu þeirra í starfsáætlunargerð 2010.

Íþrótt- og tómstundasvið

Félagsmiðstöðvar:

Á innri vef Reykjavíkurborgar er að finna „Starfsmannahandbók félagsmiðstöðva ÍTR“. Á bls. 24 í henni er að finna greinargóðan feril vegna eineltismála. Ferilinn er ekki birtur á ytri vef eins og vera þyrfti til að hann væri aðgengilegur öðrum en starfsfólki.

Frístundaheimili:

Ekki er til eineltisáætlun fyrir frístundaheimilin en það hefur verið skipaður hópur til að vinna hana. Þegar upp koma eineltismál í grunnskólum eiga starfsmenn/umsjónarmenn frístundaheimilis í flestum tilfellum að tengjast þeirri vinnu samkvæmt áætlunum skólanna. Þeir eiga að hafa farið á námskeið og fundi um innleiðingu. Hins vegar er oft fundað vegna eineltismála eftir skóla, á starfstíma frístundaheimilanna, og því virðist ganga erfiðlega að hafa starfsfólk (umsjónarmenn) frístundaheimilanna með.


Hitt húsið - Vinnumiðlun ungs fólks

Á vefsíðu Hins hússins er undir tenglinum „tótalráðgjöf“ að finna tengil sem nefnist „fræðsla“ og undir honum er að finna tengil um einelti. Þar undir er að finna grein um einelti en ekki er tengill á neitt annað upplýsingaefni.

2. Einelti og áreitni gagnvart starfsfólki

Reykjavíkurborg sem vinnuveitandi hefur um langt árabil lagt áherslu á að tryggja starfsfólki sínu gott og hvetjandi starfsumhverfi, þar sem áhersla er lögð á góðan starfsanda og að starfsmenn sýni hver öðrum virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót. Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar er skýrt kveðið á um að einelti og áreitni er alvarlegt mál sem stjórnendum ber að taka á ef upp kemur. Í stefnunni segir orðrétt: „Starfsmaður, sem með orðum, látbragði eða atferli, ógnar, truflar eða ögrar öðrum á vinnustað, leggur starfsmann í einelti eða sýnir honum kynferðislega áreitni, telst brjóta grundvallarreglur samskipta á vinnustað. Slík hegðun getur leitt til áminningar og starfsmissis“.

Í meira en áratug hafa ýmsar borgarstofnanir fylgst sérstaklega með áreitni og einelti, komið á skipulögðu verklagi og viðbragðsteymum til að bregðast við slíku, gert kannanir meðal starfsmanna til að grafast fyrir um umfang þessa og brugðist við með fyrirbyggjandi aðgerðum. Þannig hefur verið til skriflegt ferli um viðbrögð við áreitni og einelti og sérstakt áreitni- og eineltisteymi á Velferðarsviði frá árinu 1997.





Árið 2005 gaf Reykjavíkurborg/Mannauðsskrifstofa út bækling um viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna áreitni og eineltis á vinnustöðum borgarinnar. Í honum er farið yfir hvað einelti³, kynferðisleg áreitni og önnur áreitni⁴ felur í sér og hverjar afleiðingar eineltis og áreitni geta verið fyrir þolanda og vinnustaðinn í heild. Einnig er fjallað um hvað starfsmaður getur gert sem verður fyrir áreitni og einelti, hvernig yfirmaður á að bregðast við sem og hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir er hægt að grípa til. Bæklingurinn, sem var endurútfelldur haustið 2009, er aðgengilegur á innri og ytri vef borgarinnar og hefur einnig verið dreift á vinnustaði borgarinnar.

Undanfarin fimm ár hefur Mannauðsskrifstofa framkvæmt árlega viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna borgarinnar, þar sem starfsmenn hafa m.a. verði spurðir um hvort þeir hafi orðið fyrir einelti og áreitni. Gripið hefur verið til aðgerða til að fyrirbyggja einelti og áreitni og sýna kannanir að þær aðgerðir hafa skilað árangri. Árið 2009 var áreitni og einelti eitt af þremur sérstökum áhersluatriðum í framkvæmd mannauðsmála. Lögð var áhersla á bæta viðbragðsáætlanir við einelti og áreitni. Mannauðsskrifstofa studdi við fyrirbyggjandi starf á sviðum og aðstoðaði við lausn mála þar sem þörf var á.



Samkvæmt niðurstöðum viðhorfskönnunar árið 2009 sögðust 3% starfsfólks hafa orðið fyrir einelti af hendi samstarfsfólks, en 2% af hendi þjónustuþega. Áreitni frá samstarfsfólki reyndist vera 9% og frá þjónustuþegum 14%.

³ Einelti: Þolandi verður fyrir endurtekinni stríðni eða aðkasti, niðurlægingu, illu umtali, útilokun eða er á annan hátt lagður í einelti af einstaklingi eða hópi einstaklinga.

⁴ Áreitni: Þolanda er sýndur yfirgangur í samskiptum, vegið að honum með skömmum, niðurlægjandi eða ögrandi ummælum, aðdróttunum, skætingi og fyrirlitningu eða honum misboðið með kynferðislegu orðbragði, snertingu, eða látbragði.




Hefur þú orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki á síðustu 12 mán.? Hefur þú orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mán.?



Hefur þú orðið fyrir áreitni frá þjónustubegum á síðustu 12 mán.? Hefur þú orðið fyrir einelti frá þjónustubegum á síðustu 12 mán.?

Ef horft er á niðurstöður ársins 2008 þá reyndist áreitni frá samstarfsfólki vera 11% árið 2008 en fór niður í 9% árið 2009. Áreitni frá þjónustubegum var 23% árið 2008 og fór niður í 14% árið 2009. Einelti meðal samstarfsfólks var 5% árið 2008 en 3% árið 2009. Einelti frá þjónustubegum var 4% árið 2008 og 2% árið 2009. Niðurstöðurnar sýna ótvíræðan árangur.



Til samanburðar leiddi könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna árið 2006 í ljós að 17% ríkisstarfsmanna töldu sig hafa orðið fyrir einelti, þar af 10% oftari en einu sinni og rúmlega 4% höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Átaksvika

Dagana 9. – 13. nóvember árið 2009 efndi Reykjavíkurborg til sérstaks átaks undir kjörorðunum: „Virðing og vellíðan – hlúum hvert að öðru“ til að minna á mikilvægi jákvæðra samskipta á vinnustöðum borgarinnar. Að undirbúningi átaksins komu fulltrúar allra sviða, í samstarfi við Mannauðsskrifstofu. Af þessu tilefni var **bæklingur** Reykjavíkurborgar um áreitni og einelti endurútfinn eins og áður segir og prentuð voru sérstök plaköt sem dreift var á alla starfsstaði borgarinnar. Fræðsluefni um samskipti á vinnustað var tekið saman og birt á innri vef borgarinnar, vefsvæði á forsíðu innri vefs var tileinkað átakinu og útbúið var eyðublað sem er aðgengilegt á forsíðu innri vefs fyrir þá starfsmenn sem kjósa að senda mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar tilkynningu um einelti eða áreitni. Sérstök áhersla var lögð á að öll svið hefðu skriflega viðbragðsferla vegna eineltis og áreitni og starfandi væri eineltisteymi á hverju sviði. Áður en átaksvikan hófst voru þau svið sem ekki voru þegar með viðbragðsferil og starfandi teymi búin að semja og setja ferilinn í birtingu á innri vef og skipa teymi.



Plaköt sem dreift var á vinnustaði í átaksvikunni.

Viðbragðsáætlanir borgarstofnana

Staðan hjá sviðunum og útfærsla átaksvikunnar

Eitt af hlutverkum mannauðsskrifstofu er að veita starfsmannastjórum fagsviða og eineltisteymum á sviðum borgarinnar fræðslu, ráðgjöf og aðstoð í áreitni- og eineltismálum meðal starfsfólks. Við mat mannauðsskrifstofu á viðbragðsáætlunum var horft til þess hvort svið borgarinnar væru með feril vegna áreitni- og eineltismála, eineltisteymi og tilkynningareyðublað á vefsvæðum á innri vef.

Leikskólasvið

Ferill vegna áreitni- og eineltismála er til staðar hjá Leikskólasviði sem og eineltis- og áreitniteymi. Upplýsingar um ferilinn og teymið eru aðgengilegar í leiðarkerfi á forsíðu vefsvæðis Leikskólasviðs á innri vefnum undir mannauður.

Á Leikskólasviði var boðið upp á fyrirlestur um einelti og áreitni í átaksvikunni og unnið var sérstaklega með þá vinnustaði þar sem einelti og áreitni mældist hátt í samræmdri viðhorfskönnun borgarinnar. Haldinn var fyrirlestur um einelti og áreitni fyrir leikskólastjóra og þeir hvattir til að taka umræðuna upp á sínum vinnustöðum með reglulegu millibili og fræðsluefni var dreift á alla leikskóla.

Velferðarsvið

Árið 2009 voru aðgerðir á sviðinu samræmdar vegna áreitni og áfalla og gefnar út nýjar verklagsreglur. Kynning á nýju stefnunni og uppfærðu og samræmdu verklagi hófst á starfsstöðum í átaksviku Reykjavíkurborgar og haldið var áfram með kynningar á starfsstöðum Velferðarsviðs fram að jólum. Starfandi er áreitni- og eineltisnefnd á Velferðarsviði sem er skipuð þremur aðilum. Einnig eru áreitni- og eineltisteymi á hverri þjónustumiðstöð og hjá Heimþjónustu Reykjavíkur. Upplýsingar um ferilinn og teymin eru aðgengilegar í leiðarkerfi vinstra megin á vefsvæði sviðsins á innri vef undir mannauður. Þar eru tenglar á stefnu og verklag Velferðarsviðs vegna áreitni og eineltis, upplýsingar um teymin og áreitninefnd sviðsins, eyðublað fyrir beiðni um íhlutun eða aðstoð vegna samstarfs- eða samskiptaörðugleika og tilkynningablað vegna áreitni og eineltis.

Í átaksvikunni var m.a. boðið upp á námskeið um einelti og áreitni fyrir stjórnendur Velferðarsviðs og fræðslu- og umræðufundi um samskipti á vinnustöðum fyrir starfsfólk sviðsins.

Menningar- og ferðamálasvið

Sérstakar leiðbeiningar og verklag um viðbrögð við einelti og áreitni og fyrirbyggjandi aðgerðir eru til staðar hjá Menningar- og ferðamálasviði. Áreitni- og eineltisteymi er einnig starfandi á sviðinu. Í leiðarkerfi á vefsvæði sviðsins á innri vef eru upplýsingar um viðbrögð við eineltis- og áreitnimálum og teymið.

Kynningarfundur var haldinn í nóvember 2009 fyrir allt starfsfólk sviðsins. Í aðdraganda átaksvikunnar voru fræðslufundir fyrir alla stjórnendur sviðsins og fyrir eineltisteymið. Í vikunni 9. – 13. nóvember voru síðan haldnir fræðslufundir fyrir alla starfsmenn sviðsins og kynningarefni dreift á alla starfsstaði.

Umhverfis- og samgöngusvið

Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð við einelti og áreitni eru til staðar hjá Umhverfis- og samgöngusviði og áreitni- og eineltisteymi er starfandi á sviðinu. Upplýsingar um feril og eineltisteymi eru ekki birtar á vefsvæði sviðsins á innri vef, úr því þarf að bæta.

Í aðdraganda átaksvikunnar var haldinn fundur með öllum stjórnendum sviðsins þar sem farið var yfir niðurstöður viðhorfskönnunar og viðbrögð við útkomu spurninga um einelti og áreitni. Haldnir voru fræðslufundir á öllum starfsstöðum sviðsins þar sem farið var yfir skilgreiningar og viðbrögð við einelti og áreitni og samskipti á vinnustöðum.

Íþrótt- og tómstundasvið

Hjá Íþrótt- og tómstundasviði er til viðbragðsáætlun við áreitni og einelti og hefur hún verið kynnt stjórnendum og starfsfólki. Áreitni og eineltisteymi er einnig starfandi á sviðinu. Viðbragðsáætlun og upplýsingar um eineltisteymi er að finna á forsíðu vefsvæðis ÍTR undir mannauður - starfsumhverfi.

Hjá Íþrótt- og tómstundasviði voru haldin fræðsluerindi fyrir alla stjórnendur um viðbrögð við einelti og áreitni í átaksvikunni og stjórnendur og starfsfólk hvatt til að ræða um samskipti á vinnustað í átaksvikunni.

Menntasvið

Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð við einelti og áreitni eru til staðar á Menntasviði og hefur áreitni- og eineltisteymi verið starfandi á sviðinu í nokkur ár. Leiðbeiningarnar hafa verið kynntar fyrir starfsfólki sviðsins og eru aðgengilegar á vefsvæði sviðsins á innri vef undir mannauður. Heiti tengilsins er „Eineltisteymi“, en mætti vera meira lýsandi þar sem stefna og viðbragðsáætlun sviðsins er einnig birt á þessari sömu síðu.

Á Menntasviði voru starfsstaðir sviðsins hvattir til að nýta átaksvikuna til að vinna að góðum samskiptum og starfsanda í hópnum. Tveir fyrirlestrar voru haldnir í vikunni, annar um samskipti í skólasamfélaginu fyrir skólaliða og stuðningsfulltrúa og hinn um einelti fyrir stjórnendur og eineltisteymi skólanna.

Skipulags- og byggingarsvið

Ferill er til og áreitni- og eineltisteymi er starfandi á sviðinu. Upplýsingar um ferilinn og teymið eru ekki birtar á vefsvæði sviðsins á innri vef borgarinnar, úr því þarf að bæta.

Haldin var fyrirlestur um einelti og áreitni á Skipulags- og byggingarsviði í átaksvikunni og myndaðir voru vinnuhópar. Á hverjum degi gerðir hver hópur eitthvað til að gleðja aðra starfsmenn sviðsins undir formerkjum vikunnar „Virðing og vellíðan – hlúum hvert að öðru“. Bæklingi um einelti og áreitni var einnig dreift til allra starfsmanna sviðsins.

Framkvæmda- og eignasvið

Leiðbeiningar og verklag um viðbrögð við einelti og áreitni og fyrirbyggjandi aðgerðir eru til staðar hjá Framkvæmda- og eignasviði. Eineltisteymi er starfandi á sviðinu. Á vefsvæði sviðsins á innri vef er tengill á útgefið efni sem er birt á ytri vef og þar undir er bæklingur um viðbrögð við áreitni og einelti á sviðinu. Í bæklingi er síðan vísað á upplýsingar um málsmeðferð þegar áreitni- og eineltismál koma upp á sviðinu í rekstrarhandbók sem er birt á innri vefnum. Gera þarf ferilinn aðgengilegan í leiðarkerfi á forsíðu vefsvæðis sviðsins á innri vefnum sem og upplýsingar um teymið.

Á Framkvæmda- og eignasviði var öllum starfsmönnum og stjórnendum sviðsins boðið í átaksvikunni að sækja fyrirlestur um samskipti á vinnutað og fræðsluefni var dreift.

Skrifstofur Ráðhúss – miðlæg stjórnsýsla

Verklag og leiðbeiningar um viðbrögð við einelti og áreitni eru til og eineltisteymi er starfandi. Á sameiginlegu vefsvæði allra skrifstofa í Ráðhúsi (miðlægrar stjórnsýslu) er tengill vinstra megin á forsíðu þar sem birtar eru upplýsingar um feril og upplýsingar um eineltisteymið.

Í átaksvikunni var vakin athygli á viðbragðsferlinu vegna eineltis- og áreitnimála sem og teyminu.

Starfsfólki og stjórnendum skrifstofa Ráðhúss var boðið upp á fyrirlestur um einelti og áreitni og fræðsluefni var dreift til starfsmanna.

www.reykjavik.is | Um vefinn | Starfsmenn | Störf / bóli | Hafðu samband | Veftré

Reykjavíkurborg
INNRI VEFUR

Verkfræðistofa | Upplýsingabúnaður | Fréttir | Svæð og skrifstofur

Þú ert hér: Home - Upplýsingabúnaður - Mannauður

30.12.2009

MANNAUÐUR

- Starfsmannadefning
- Síðargalur starfsmanna
- Ný starfshætti
- Ráðningar og mótboða
- Láun, kjör og réttind
- Starfsbráur
- Starfsmat
- Vinnusamhverfi
- Áreitni og einelti
- Vinnustöð
- Viðbrögð yfirmanns
- Hvæð getur starfsmáður gert?
- Jafnrétti og jafnræði
- Sammunngjörnti og einkalíf
- Væðing og vaxandi
- Viðbrögð við atvöldum
- Stjórnun breytinga
- Starfsbók
- Ráttarheimildir og dómstólar
- Mannauðsvefnd
- Skjalstofur og kortvefur
- Bráðer starfsmenn
- Áhugaverð tengi
- Spur og svarað

Áreitni og einelti

Í hverju felst einelti, kynferðisleg áreitni og ónær áreitni?

Starfsmenn geta uppið áreitni, trúfandi hegðun og yfingang í yndum myndum bæði af hálfu samstarfsmanna og þeirra sem njóta þjónustu borgarinnar. Hæð á áreitni ræðir af sínum þáttum svo sem upplifun starfsmanns á atviki, hversu grött það er og hvort um andræði áreitni er að ræða. Einn þættur að taka tillit til aðráðagæða áreitninnar og kringumstæðna.

Einelti bólandi verður fyrir andræðisliki einni, stíflni eða ókæsti, múrlagningu, líku umtal, útlökum eða er á annan hátt lagður í anelti af starfsfélögum.

Einelti er oft eins konar hópfyrirbær þar sem tiltekinn einstaklingur verður fyrir ókæsti en þess að nokkur komi honum til varnar. Stundum er einelti einangrað og fer leyrt fyrir flestum í hópi.


Kynferðisleg áreitni Tilfinningum bólands er misþöð með kynferðislegri áreitni af einhverju tagi af persónulegri nálgun, orðbrögð, smeytingu, látráði eða ónærri hegðun sem sýnir sömbólfröngu hans. Jafnvel eitt tilvik getur latal kynferðisleg áreitni ef það er ávarlegt.

Ónær áreitni bólands er söndur yfingangur í samskiptum, vegi að honum með skömmum, múrlagðandi eða ógærdi ummælum, aðdrótunum, skostingu, fyrfráttu og þess háttar. Hátær flókast undir áreitni hvort sem alvara er gerð úr þeim eða ekki. Hér undir flókast einnig óþökkir þar sem starfsmáður verður fyrir óráðu ókæsti og óþægindum sem getur felst í því að fylgt er með honum, hringi í hærni, hann fær peningar eða skilaboð og fjölskylda hans er ónæð.

Hér má nálgast þekkingu í heild sinni á rafrænu forni

Bæklingur um áreitni og einelti

Um Mannauðsskrifstofu



Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 411 4200
Faksi: 411 4299
rhuaupplvanger@reykjavik.is

Upplýsingar um áreitni og einelti á innri vef borgarinnar.

3. Einelti og áreitni í samskiptum starfsmanna og þjónustuþega

Almennt gilda sömu leikreglur um viðbrögð og tilkynningar fyrir starfsfólk hvort sem það verður fyrir áreitni eða einelti af hálfu samstarfsfólks eða utanaðkomandi aðla. Sú staða getur einnig komið upp að starfsmáður er sakaður um að beita þjónustuþega einelti eða áreitni. Eina sviðið sem er með sérstakar viðbragðsáætlanir og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna áreitni viðskiptavina í garð starfsmanna er **Velferðarsvið**.

Ef starfsmáður er sakaður um að beita þjónustuþega eða notanda þjónustu áreitni eða einelti er farið með málið eins og aðrar ásakanir um brot í starfi eða óásættanlega framkomu. Þar ber stjórnanda að kanna málið og grípa til viðeigandi ráðstafana eftir eðli máls. Mannauðsskrifstofa veitir fagsviðum ráðgjöf og aðstoð í þeim efnum.

4. Tillögur til úrbóta

Eftirfarandi eru fjórar tillögur til úrbóta með hliðsjón af úttektinni og samþykkt borgarráðs. Mannréttindastjóri leggur fram tillögur eitt og tvö er lúta að einelti og áreitni þegar notendur þjónustu borgarinnar eiga í hlut, einkum börn og unglingar. Mannauðsstjóri leggur fram tillögur þrjú og fjögur er lúta að starfsmönnum og starfsumhverfi þeirra.

1. Viðbragðsáætlanir og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti verði virkar á öllum sviðum og aðgengi að þeim bætt

Lagt er til að allar borgarstofnanir innleiði viðbragðsáætlanir og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti með hagsmuni barna, ungmenna og annarra notenda þjónustunnar að leiðarljósi. Lögð verði sérstök áhersla á að bæta aðgengi barna, unglinga og aðstandenda þeirra að upplýsingum, m.a. á vefsíðum borgarinnar, um eineltisáætlanir og fyrirbyggjandi aðgerðir skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Ráðgjöf í gerð eineltisáætlana og um bætt aðgengi að upplýsingum um einelti og eineltisáætlanir verði í boði fyrir þá sem eftir því óska.

Austurbæjarskóla verði falið að meta reynsluna af rafrænu tilkynningarblaði um einelti fyrir börn og foreldra en því hefur verið haldið fram, byggt á reynslu erlendis frá, að nemendur/ungmennir noti slík rafræn tilkynningarblöð frekar en að hafa samband t.d. við umsjónarkennara eða aðra starfsmenn. Það hlýtur að vera kostur að bjóða upp á ýmsar leiðir til að tilkynna grun um einelti.

Mannréttindaskrifstofu verði falið að gera úttekt á vefsíðum þeirra stofnana sem þjónusta börn og ungmenni. Þetta verði gert að þremur mánuðum liðnum til að kanna hvort viðbragðsáætlanir hafa verið birtar á vefsíðunum og aðgengi að þeim sé gott.

2. Miðlægt eineltisteymi fyrir þjónustuþega verði sett á fót

Lagt er til að Mannréttindaskrifstofu verði falið að setja á fót miðlægt eineltisteymi Reykjavíkurborgar sem notendur þjónustu borgarinnar geti vísað málum til, telji þeir sig ekki hafa fengið úrlausn sinna mála eftir öðrum leiðum sem bjóðast. Hlutverk þessa teymis verði að finna leiðir til lausnar mála þegar aðilar eru ósáttir við aðgerðir sem gripið var til eða þegar þeir telja að ekki hafi verið brugðist við með nauðsynlegum hætti.

Eineltisteymið kalli til tengiliði frá viðkomandi fagsviðum eftir eðli máls. Þegar Menntasvið á í hlut er lagt til að kallaður verði til ráðgjafi foreldra og skóla þegar verið er að fást við mál sem ekki hefur tekist að leysa innan sviðsins.

Eineltisteymi þetta verði sett upp sem tilraunaverkefni til eins árs. Unnin verði tilkynningareyðublöð sem hægt er að fylla út og senda teyminu. Drög að þeim er að finna í fylgiskjölum 2 og 3 hér á eftir. Að ári liðnu verði lagt mat á reynsluna.

3. Miðlægt eineltisteymi fyrir starfsmenn

Eineltisteymi eru starfandi á öllum fagsviðum borgarinnar. Lagt er til að starfsmönnum verði kynntur betur sá möguleiki að þeir geti einnig snúið sér til miðlægs teymis á mannauðsskrifstofu telji þeir sig ekki hafa fengið úrlausn sinna mála vegna áreitni eða eineltis á vinnustað.

4. Upplýsingar á innri vef fyrir starfsmenn eflidar

Öll fagsvið borgarinnar eru með virkar viðbragðsáætlanir vegna áreitni og eineltis. Þörf er hins vegar á að endurskoða upplýsingagjöf og bæta framsetningu upplýsinga á innri vefjum sviðanna fyrir starfsmenn um áreitni- og eineltisteymi, fyrirbyggjandi aðgerðir og tilkynningareyðublöð. Ráðgjöf um bætt aðgengi að upplýsingum verði veitt til þeirra sviða sem þess óska.

Að þremur mánuðum liðnum geri mannauðsskrifstofa úttekt á vefsvæðum sviðanna á innri vef til að athuga hvort aðgengi hafi verið bætt.

Fylgiskjöl

1. Skilgreiningar.
2. Tilkynningarblað vegna eineltis og áreitni í leikskóla, skóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð, (drög).
3. Tilkynningarblað, drög vegna áreitni og eineltis sem notandi þjónustu hefur orðið fyrir (drög).
4. Tilkynningarblað um áreiti og einelti sem starfsmenn verða fyrir á vinnustað. Eyðublað á innri vef: http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-123/362_view-1068

Skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni og annarri áreitni

Einelti

Þolandi verður fyrir endurtekinni ertni, stríðni eða aðkasti, niðurlægingu, illu umtali, útilokun eða er á annan hátt lagður í einelti af starfsfélögum. Einelti er oft eins konar hópþyrnbæri þar sem tiltekinn einstaklingur verður fyrir aðkasti án þess að nokkur komi honum til varnar. Stundum er eineltið einangrað og fer leynt fyrir flestum í hópnum.⁵

Kynferðisleg áreitni

Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi kynferðisleg hegðun sem er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynferðisleg áreitni ef það er alvarlegt.⁶

Kynbundin áreitni

Hvers kyns ósanngjörn og/eða móðgandi hegðun, sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk og hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess sem fyrir henni verður og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Áreitnin getur verið líkamleg, orðbundin eða táknræn. Eitt tilvik getur talist kynbundin áreitni ef það er alvarlegt.⁷

Önnur áreitni

Þolandi er sýndur yfirgangur í samskiptum, vegið að honum með skömmum, niðurlægjandi eða ögrandi ummælum, aðdróttunum, skætingi, fyrirlitningu eða þess háttar. Hótanir flokkast undir áreitni hvort sem alvara er gerð úr þeim eða ekki. Hér undir flokkast einnig ofsóknir þar sem starfsmaður verður fyrir ítrekuðu aðkasti og óþægindum sem getur falist í að fylgst er með honum, hringt í hann, hann fær sendingar eða skilaboð eða fjölskylda hans er ónáðuð.⁸

⁵ Skilgreiningin er tekin úr bæklingnum *Áreitni og einelti: Viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnustöðum Reykjavíkurborgar*.

⁶ Skilgreininguna er að finna í 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008.

⁷ Skilgreininguna er að finna í 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008.

⁸ Skilgreiningin er tekin úr bæklingnum *Áreitni og einelti: Viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnustöðum Reykjavíkurborgar*.

Drög

Tilkynningarblað vegna eineltis eða áreitni í leikskóla, skóla, frístundaheimili eða félagsmiðstöð

Best er að leysa eineltismál innan hvers skóla. Takist það ekki er hægt að leita liðsinnis Menntasviðs ef barn er í grunnskóla og Leikskólasviðs ef barn er í leikskóla og ÍTR ef eineltið á sér stað á frístundaheimili eða félagsmiðstöð. Einnig er hægt að senda inn þetta tilkynningarblað og er viðtakandi þess mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Miðlægt eineltisteymi tekur þá málið að sér og hefur samband við þá sem tengjast málinu. Mikil áhersla er lögð á að foreldrar séu upplýstir um gang mála og barnið þegar það á við. Ef sá eða sú sem tilkynnir er ekki forsjáraðili barns er hann upplýstur um að tilkynningin sé móttækin. Hægt er að skoða skilgreiningu á einelti [hér \(tengill á vef\)](#) og feril eineltismála [hér \(tengill á vef\)](#) á vefsíðu borgarinnar.

Sá sem tilkynnir: Nafn:

Kennitala:

Netfang þess sem tilkynnir:

Símanúmer þess sem tilkynnir:

Er óskað nafnleyndar.

Já

Nei

Þolandi:

Hvað átti atvikið sér stað?:

Í hvaða skóla eða leikskóla er barnið?:

Í hvaða bekk er barnið (þegar það á við og þegar tilkynnanda er kunnugt um það):

Lýsing á atviki/atvikum eða ástandi:

Hver var/er gerandi/hverjir voru/eru gerendur?

Hvernig var brugðist við af starfsfólki:

Hefur svipað atvik komið upp áður?

Annað sem þú vilt taka fram:

Drög

Tilkynningarblað vegna kynferðislegrar áreitni eða eineltis sem notandi þjónustu hefur orðið fyrir

Hafir þú orðið fyrir áreitni eða einelti af hendi starfsmanns borgarinnar ertu vinsamlega beðinn um að fylla út og senda þetta tilkynningarblað. Einnig er hægt að senda inn tilkynningu hafir þú orðið vitni af því að einhver einstaklingur hafi þurft að þola áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti af hendi starfsmanns borgarinnar. Þetta tilkynningarblað á ekki við ábendingar vegna þjónustu sem þú ert ósátt/ur við. Hægt er að skoða skilgreiningu á einelti og feril eineltismála [hér \(tengill á vef\)](#) á vefsíðu borgarinnar. Eftir að tilkynning hefur verið send tekur miðlægt teymi málið að sér og hefur samband við þig.

Sá sem tilkynnir: Nafn:

Kennitala:

Netfang þess sem tilkynnir:

Símanúmer þess sem tilkynnir:

Er óskað nafnleyndar. Já

Nei

Lýsing á atviki/atvikum eða ástandi:

Hver var/er gerandi/hverjir voru/eru gerendur?

Hefur svipað atvik komið upp áður?

Hefur þú haft samband við yfirmann stofnunarinnar vegna málsins?

Já Nei

Annað sem þú vilt taka fram:



Tilkynning um einelti, kynferðislega áreitni eða aðra áreitni

Berist til mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar

Hvenær átti atburður/atburðir sér stað, dagsetning eða tímabil:

Hvar átti atburðurinn/atburðirnir sér stað?

Polandi:

Kennitala:

Vinnustaður:

Gerandi (ef vitað):

Lýsing á atburði/atburðum:

Vitni að atburði/atburðum, ef við á:

Nafn símanr.

Nafn símanr.

Undirskrift tilkynnanda: _____ Dags: _____

Sími: _____ GSM: _____

Farið er með allar tilkynningar sem trúnaðarmál.

Hallur Páll Jónsson, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar
hallur.pall.jonsson@reykjavik.is